

Aðgerðaráætlun Skaftárhrepps vegna COVID-19

Áætlunin er sett með stoð í viðbragðsáætlun sveitarfélagsins



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Tilkynningar um ráðstafanir og þjónusustig	4
Hreinlæti	4
Félagsstarf aldraðra	4
<i>Dagdvöl</i>	4
<i>Félag eldri borgara</i>	4
Starfsemi og þjónusta á vegum sveitarfélagsins	4
Bókasafn	4
Félagsmiðstöðin Klaustrið	4
Gámavöllur	4
Heilsuleikskólinn Kæríbær	4
Hjúkrunar- og dvalarheimlið Klausturhólar	5
Skrifstofa Skaftárhrepps	5
Íþróttamiðstöð Kirkjubæjarklausturs	5
Kirkjubæjarskóli á Síðu	5
Ræsting allra stofnana í Skaftárhreppi	7
Skólabílar	7
Slökkvilið Kirkjubæjarklausturs.....	7
Sveitarstjórn og nefndir á vegum sveitarfélagsins	7
Pokastöðin Skaftárhreppi	7
Tónlistarskóli	8
Annað	8
Fjarvinna	8
Ferðalög.....	8
Starfsfólk.....	8
<i>Veikindi</i>	8

Inngangur

Almannavarnir hafa lýst yfir neyðarstigi vegna COVID-19 veirunnar sem hefur verið skilgreind sem heimsfaraldur. Sveitarfélög hafa skyldum að gegna sem viðbragðsaðilar í heimsfaraldri.

Sveitarfélögum ber að fylgja leiðbeiningum sóttvarnarlæknis og almannavarnardeildar, en Samband íslenskra sveitarfélaga hefur það hlutverk að miðla upplýsingum til sveitarfélagana um viðbrögð við heimsfaraldri.

Aðgerðaráætlun þessari er ætlað að segja fyrir um viðbrögð innan sveitarfélagsins við heimsfaraldri, leiðbeiningar fyrir stjórnendur og starfsfólk.

Allt skipulag sveitarfélagsins miðast að því að fara í einu og öllu eftir fyrirmælum yfirvalda.

Markmið áætlunarinnar er að stuðla að öryggi starfsmanna og þjónustuþega og tryggja órofinn rekstur veitarfélagsins í heimsfaraldri. Stofnanir sveitarfélagsins gegna veigamiklu hlutverki í samfélaginu og því nauðsynlegt að hafa skýrar leiðbeiningar um viðbrögð til að draga úr líkum á smiti.

Í aðgerðaráætlun þessari er gert grein fyrir þeim ráðstöfunum sem eru gerðar í stofnunum og starfssemi sveitarfélagsins, annars vegar til að draga úr útbreiðslu og áhrifum veirunnar og hins vegar að undirbúa skerta starfssemi með sem minnstri röskun miðað við aðstæður.

Við gerð áætlunarinnar er meðal annars stuðst við lög um almannavarnir nr. 82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997. Notast var við viðbragðsáætlanir Sambands íslenskra sveitarfélaga, leiðbeiningar landlæknisembættisins o.fl.

Ekki er um endanleg fyrirmæli að ræða og getur sveitarfélagið ákveðið breytta starfstilhögun með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni. Aðgerðaráætlun er í stöðugri endurskoðun.

Þær ráðstafanir sem snerta beint notendur þjónustunnar og íbúa verða svo birtar opinberlega sem tilkynningar.

Aðgerðaráætlunin skal kynnt fyrir starfsmönnum, send öllum forstöðumönnum og vistuð í skjalasafni sveitarfélagsins. Enn fremur skal áætlunin birt á heimasíðu sveitarfélagsins og vera aðgengileg öllum.

Áætlun þessi tekur þegar gildi.

Skaftárhreppur 27.03.2020

Með breytingum frá 24. ágúst 2020

Tilkynningar um ráðstafanir og þjónusustig

Almannavarnir hafa gefið út leiðbeiningar vegna breytinga á samkomubanni sem tekur gildi 14. ágúst. Fjöldatakmarkanir fara uppí 100 manns en áfram þarf að virða fjarlægðartakmarkanir milli fullorðinna einstaklinga.

Allar tilkynningar og ráðstafanir verða birtar á vef sveitarfélagsins.

Mikilvægar leiðbeiningar og reglur fyrir starfsfólk sem kunna að breytast frá degi til dags verða sendar starfsfólki jafnóðum með tölvupósti.

Hreinlæti

- Í stofnunum sveitarfélagsins skal hugað sérstaklega að góðu aðgengi til handþvottar og sprittunar fyrir starfsfólk og notendur þjónustu.
- Fræðsla:
 - Leiðbeiningar til handþvottar á viðeigandi stöðum og helst á nokkrum tungumálum.
 - Leiðbeiningar hvernig megi draga úr smithættu, hengt upp á áberandi stöðum.
- Forstöðumenn skulu sjá til þess að áherslur í þrifum verði endurskoðaðar og fara yfir það með starfsmönnum í ræstingu. Lögð áhersla á að þrifa og sótthreinsa sérstaklega vel alla sameiginilega snertifleti, t.d. hurðarhúna, handrið, stólarma, borð, tölvur, lyklaborð, mýs o.s.frv..
- <https://www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/sykingavarnir-fyrir-almenning/handthvottur/>

Félagsstarf aldraðra

Dagdvöl

Lagt er til að dagdvöl sem deilir húsnæði með hjúkrunarrými opni 2. júní.

Félag eldri borgara

Fjöldatakmarkanir hafa verið rýmkaðar í 100 manns en tveggja metra reglan er enn í gildi. Gæta skal áfram ítrustu varúðar í sóttvörnum.

Starfsemi og þjónusta á vegum sveitarfélagsins

Utanaðkomandi heimsóknir í stofnanir og húsnæði sveitarfélagsins eru bannaðar nema í undantekningartilfellum. Forstöðumönnum er falið að sjá um framkvæmd á þessu.

Sveitarfélagið óskar eftir góðri samvinnu og skilningi.

Bókasafn

Opið fyrir almenning á miðvikudögum frá kl. 16:30 til 19:00 og á fimmtudögum frá 11-13:30

Félagsmiðstöðin Klaustrið

Opin án takmarkana.

Gámavöllur

Engar takmarkanir eru gerðar á starfsemi/opnun.

Heilsuleikskólinn Kærribær

Starfsfólk skólans er hvatt til þess að gæta að smitleiðum og gæta varúðar.

Leikskólinn verður opinn á hefðbundnum tíma en með eftirfarandi takmörkunum:

- Heimsóknir eru í lámarki.
- Foreldrar eða forráðamenna skila og sækja að fatahengi
- Starfsmenn leitast við að halda starfssvæði sínu hreinu.
- Handþvottatímum fjölgað.
- Þrif: <https://old.samband.is/media/covid-19/Thrif-grunn-og-leikskolar-vegna-samkomubanns.pdf>
- Unnið er eftir innanhús neyðar- og viðbragðsáætlun.

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar

Aðeins einum nánasta aðstandanda verði leyft að koma í heimsókn

Gestir séu eingöngu í heimsókn inni á herbergjum íbúa. Gestir mega ekki staldra við í sameiginlegum rýmum heimilis.

1. Gestir skulu virða 2ja metra nándarmörk og forðast beina snertingu við íbúa (á ekki við um hjón og sambúðarfólk).
2. Gestir þvo hendur með sápu og spritta áður en gengið er inn á heimili og einnig við brottför. Þeir forðast beina snertingu við íbúa eins og hægt er. **MUNIÐ 2ja metra nándarmörk!**

Gestir mega ekki koma í heimsókn ef þeir:

- 1) eru í sóttkví.
 - 2) eru í einangrun (einnig meðan beðið er niðurstöðu úr sýnatöku).
 - 3) hafa dvalið erlendis og ekki eru liðnir 14 dagar frá heimkomu.
 - 4) hafa verið í einangrun vegna COVID-19 smits og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift.
 - 5) eru með einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.).
3. Íbúi getur farið út af heimilinu til að sinna almennum erindum, s.s. læknisheimsóknir og heimsókn til náins ættingja. Mælst er til þess að íbúar fari ekki á hópfgagnaði, þar sem fleiri en 10, koma saman, s.s. afmælisveislur.

Nánari upplýsingar varðandi takmarkanir veitir hjúkrunarforstjóri Klausturhóla. Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar starfar samkvæmt útgefnum leiðbeiningum frá embætti landlæknis.

Skrifstofa Skaftárhrepps

Skrifstofa sveitarfélagsins er opin en fólk er eindregið hvatt til að leita lausna erinda sinna í gegnum síma á skrifstofutíma eða með tölvupósti. Einnig verður í boði að skipuleggja myndsimtöl við starfsfólk skrifstofunnar. Áfram verður lögð áhersla á fjarlægðartakmarkanir og sóttvarnarnarráðstafanir verða áfram í gildi.

Íþróttamiðstöð Kirkjubæjarklausturs

Frá 14. ágúst verður tækjasalurinn **opin með eftirfarandi takmörkunum:**

1. Aðeins þeir sem **bóka tíma fyrirfram** geta komist að
2. Helst bóka nokkra saman í **hóp** þó **ekki fleiri en 5** í hóp.
3. Hver og einn **sóttþreinsar öll** tæki sem hann snertir.
4. Enginn má vera lengur en **90 mín í senn**, inn í þeim tíma er tími notaður í sóttþreinsun

ENGAR UN DANTEKNINGAR

Verði einhver uppvís að því að sóttþreinsa ekki eftir sig fær sá hinn sami ekki tíma aftur í Tækjasalnum.

VINNUM SAMAN AÐ ÞVÍ AÐ HAFA TÆKJASALINN OPINN

SÓTTÞREINSUM EFTIR NOTKUN

VIRÐUM 2ja METRA REGLUNA

Fjöldi fullorðinna í sundlaug takmarkast við 20. Nota skal þær sóttvarnir sem eru í búningasklefum, sóttþreinsa lykla að skápum að lokinni heimsókn. Hámarkstími heimsóknar miðast við 60 mín.

Kirkjubæjarskóli á Síðu

Starfsfólk er hvatt til þess að gæta að smitleiðum og gæta varúðar.

Viðmið miða að því að draga úr óumbeðnum gestakomum og efla smitgát milli starfsmanna annars vegar og milli starfsmanna og foreldra/utanaðkomandi hins vegar.

Ekki þarf að gera neinar sérstakar ráðstafnir gangvart nemendum en eðlilegt er að almennum leiðbeiningum um handþvott og sprittun sé áfram fylgt.

Gestakomu

Gestakomur takmarkaðar við erindi sem eru mikilvæg til að halda uppi eðlilegu skólastarfi Gestir skulu hafa 2 metra sín á milli. Ef ekki er hægt að viðhafa 2 metra er grímunotkun möguleiki Viðburður m utanaðkomandi gestum skulu takmarkaðir. Ef slíkir viðburðir eru haldnir skal taka mið af gildandi fyrirmælum um samkomuhald, fjarlægðartakmörk og smitgát.

Komur foreldra verða takmarkaðar inn í húsnæði skólans

Fundir

Fjarfundarbúnaður þar sem því verður komið við.

Takmarka skal fundi með utanaðkomandi gestum og almennum leiðbeiningum um smitgát fylgt.

Tveggja metra regla gildir milli gesta og starfsfólks en 1 metra milli starfsmanna

Miða skal fjölda fundargesta í fundarrými við gildandi fjarlægðarmörk og fundarherbergi verði vel loftræst

Utanaðkomandi fari ekki inn á kaffistofur eða salerni nema í undartekningartilfellum

Veitingar og drykkir ekki veittir á fundum með utankomandi gestum

Kaffistofur

Starfsfólk því hendur með sápu áður en farið er inn á kaffistofu – spritt skal vera aðgengilegt

Ekki bjóða upp á veitingar sem eru viðkvæmar fyrir smiti af höndum

Lágmarka fjölda miðað við 1 metra fjarlægðarmörk

Salerni

Hafa frammi sóttþreinsandi klúta fyrir starfsfólk

Vinnuherbergi/ verkgreinastofur

Tryggja áhöld og efni séu sóttþreinsuð á milli notenda

Mötuneyti

Gæta að smitgát milli fullorðinna

með skömmtun

með afhending áhalda

Gæta að fjarlægðarmörkum starfsmanna – 1 metri

Fylgja gildandi tilmælum varðandi þrif í eldhúsi

Útleiga/lán til annara á matsal

Verður ekki í boði að svo stöddu

Þrif skólahúsnæðis

Fyrirmælum sóttvarnalæknis fylgt varðandi þrif

Aðgerðaráætlun er uppfærð reglulega í samræmi við breytingar á sóttvarnarlögum og tilmælum sóttvarnalæknis.

- Þrif: <https://www.samband.is/media/covid-19/Thrif-grunn-og-leikskolar-vegna-samkomubanns.pdf>

Ræsting allra stofnana í Skaftárhreppi

Daglega þarf að strjúka með sápuvatni eða sóttthreinsiefniklút yfir:

- Hurðahúna
- Hurðalæsingar
- Ljósrofa
- Handrið
- Lyftuhnappa
- Snertiskjái
- Lyklaborð, tölvumýs
- Borð
- Vaska í skólastofum
- Síma
- Aðrir sameiginlegir snertifletir

Að öðru leyti verði þrif með hefðbundnum hætti

Skólabílar

- Ekki skilyrt 2 m bil en varast að hópar sem aðgreindir eru í skólanum blandist saman.
- Hver eigi sitt fasta sæti.
- Ekki leyfðir aukafarþegar.
- Þrif samkvæmt viðmiðum sóttvarna- og landlæknis.

Slökkvilið Kirkjubæjarklausturs

Starfsemi í samræmi við leiðbeiningar frá yfirvöldum.

Sveitarstjórn og nefndir á vegum sveitarfélagsins

- Áhersla verður áfram á fjarfundi á næstunni
- Á snertifundum verður aðskilnaðar gætt í samræmi við leiðbeiningar almannavarna og áfram verða í gildi sóttvarnarráðstafanir.

Pokastöðin Skaftárhreppi

Liggur niðri á meðan faraldurinn geysar.

Tónlistarskóli

Tónlistarskólinn munu starfa með hefðbundnum hætti frá og með 1. September nk. en þar verða áfram í gildi sóttvarnaráðstafanir og takmarkað aðgengi fullorðinna að byggingum.

Annað

Göngur og réttir

- Embætti landlæknis, Landsamtök sauðfjárbænda, Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra hafa gefið út leiðbeining um göngur og réttir vegna Covid-19. Upplýsingar má nálgast á vefsíðu bændasamtakanna www.bondi.is

Fjarvinna

- Til þess getur komið að starfsfólk þurfi að vinna fjarvinnu, þ.e. í störfum þar sem að það á við. Þetta getur t.d. átt við þegar nauðsynlegt er að aðskilja starfsfólk og minnka samgang milli þess og/eða við viðskiptavini.
- Þurfi starfsfólk að fara í sóttkví á það að starfa í fjarvinnu eins og kostur er. Forstöðumaður ákveður í samráði við starfsmann hvaða viðfangsefnum starfsmaður á að sinna í fjarvinnu.
- Forstöðumenn stofnana gera ráðstafanir til undirbúnings í samræmi við fjárheimildir ársins eða sveitarstjóra ef það þarf að fara umfram fjárheimildir.

Ferðalög

- Starfsfólk er beðið um að upplýsa næsta stjórnananda um ferðalög á eigin vegum á næstunni.
- Engar ferðir erlendis á vegum sveitarfélagsins.

Starfsfólk

- Fylgi leiðbeiningum almannavarnardeildar, sóttvarnalæknis og öðrum yfirvöldum sem kunna að gefa út leiðbeiningar eða reglur. Við gerum það sem við getum til að takmarka útbreiðslu veirunnar og nauðsynlegri sóttkví til að koma í veg fyrir of mikla röskun á þjónustu sveitarfélagsins. Ef grunur vaknar hjá stofnun um sýkingu af völdum COVID-19 hjá starfsmanni eða þjónustuþega, sem hefur verið til staðar í stofnuninni undanfarið í miklum samskiptum við starfsmenn og þjónustuþega, skal upplýsa forstöðumann stofnunarinnar og sveitarstjóra.
- Heilsumst ekki með handabandi og sleppum allri snertingu.
- Mælt er með starfsfólk sveitarfélagsins takmarki þátttöku sína í stærri viðburðum og mannamótum utan vinnu.

Veikindi

Í almennum sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt sóttvarnalögum nr. 19/1997 felst að hver sá sem telur sig smitaðan af smitsjúkdómi hefur þá skyldu að fara varlega og gera sér far um að smita ekki aðra.

- Starfsmaður sem finnur fyrir veikindum mæti ekki í vinnu og fari strax heim finni viðkomandi fyrir veikindum eftir að mætt er til vinnu.
- Starfsfólk sé heima hitalaust í tvo daga áður en mætt er til vinnu á ný.
- Smitist starfsmaður af covid-19 ber að fylgja leiðbeiningum þess efnis.
- Ef einstaklingar finna fyrir veikindum er þeim bent á að hringja í síma 1700 (fyrir erlend símanúmer +354 544-4113) varðandi nánari upplýsingar og hvernig þeir eigi að nálgast heilbrigðiskerfið. Veikir einstaklingar eru sérstaklega beðnir um að mæta ekki á bráðamóttöku sjúkrahúsa eða á heilsugæslustöðvar nema að fengnum ráðleggingum í síma.
- Tilkynni til forstöðumanns.

- Um greiðslur til starfsfólks vegna veikinda og sóttkvíar vegna covid-19 fer samkvæmt kjarasamningum og leiðbeiningum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Frekari upplýsingar

Tilkynningar eru settar jafnóðum á vef sveitarfélagsins <http://www.klaustur.is/>

Senda má fyrirspurn á netfangið skrifstofa@klaustur.is eða hringja í síma 487-4840

Covid.is <https://www.covid.is/>

Samband íslenskra sveitarfélaga <https://www.samband.is/>

[Heilsuvera.is](https://www.heilsuvera.is)

[Almannavarnir.is](https://www.almannavarnir.is)

[Landlaeknir.is](https://www.landlaeknir.is)